

41. samráðsfundur aðgerðastjórnar Sveitarfélagsins Voga, 14. apríl 2021

Þátttakendur

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri, Daníel Arason forstöðumaður stjórnsýslu og Vignir Friðbjörnsson forstöðumaður umhverfis og eigna.

Fundargerð ritaði Daníel Arason.

Staðan almennt

Ný reglugerð heilbrigðisráðuneytisins tekur gildi 15. apríl. Helstu tilslakanir eru þær að samkomutakmarkanir miðast við 20 manns, starfsemi íþróttamiðstöðva opnar að nýju og skólastarf verður með hefðbundnum hætti, fjarlægðarmörk í skólastarfi verða nú einn metri.

Áfram er lögð rík áhersla á að fólk viðhafi persónubundnar sóttvarnir eins og verið hefur.

Sviðin hvert fyrir sig:

Grunnskólinn:

Starfsemi er með eðlilegum hætti, fjarlægðarmörk rýmkuð úr tveim metrum í einn.

Frístund

Starfar með eðlilegum hætti

Leikskólinn

Starfar með eðlilegum hætti

Álfagerði

Nú hefur verið lokið við að bólusetja íbúa Álfagerðis ásamt öllum 70 ára og eldri (að minnsta kosti fyrri sprauta). Öllum er því heimill aðgangur að starfseminni innan marka reglugerðarinnar. Starfsemi í Álfagerði getur því orðið með hefðbundnu sniði og áfram er lögð áhersla á mikilvægi persónubundinna sóttvarna þó fólk sé bólusett.

Íþróttamiðstöðin

Öll starfsemi í íþróttamiðstöð er nú heimil innan marka reglugerðarinnar. Áfram er lögð áhersla á persónubundnar sóttvarnir. Líkamsræktarstöð er einungis opin fyrir hóptíma og skulu allir þátttakendur skráðir.

Félagsmiðstöðin

Öll starfsemi í félagsmiðstöð er nú heimil innan marka reglugerðarinnar. Áfram er lögð áhersla á persónubundnar sóttvarnir.

Skrifstofan

Opnunartími skrifstofu verður með eðlilegum hætti frá og með fimmtudeginum 15. apríl 2021. Grímuskylda er í gildi fyrir gesti.

Umhverfideild

Opnunartími umhverfiseildar verður með eðlilegum hætti frá og með fimmtudeginum 15. apríl 2021. Grímuskylda er í gildi fyrir gesti.



Önnur mál